

OYSTER PERPETUAL DATEJUST



MICHELSSEN
URSMIDIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. apríl 2013 | 7. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
AÐ PRENTA!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



Í MÓTLÆTINU URÐU BESTU LAUSNIRNAR TIL

- Viðtal við Liv Bergþórsdóttur, framkvæmdastjóra Nova.
- Á sér farsæla sögu frá smáréttum til sigra á fjarskiptamarkaði.
- Óvægin og óheiðarleg samkeppni kom verulega á óvart.

SÍÐA 4

Heimshorfnar heldur lakari

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir heiminn allan á þessu ári. Áætlað er að hann verði 3,3 prósent í stað 3,5 prósent í janúarspá sjóðsins.

AGS gerir ráð fyrir 1,9 prósentu hagvexti í Bandaríkjunum í ár, 0,2 prósentustigum undir spá sjóðsins í janúar. Engu að síður segir sjóðurinn batamerki vestra og spáir 3,0 prósentu hagvexti árið 2014. Um leið er spáð 0,3 prósentu samdrætti í evrulöndunum sautján og 1,1 prósentu hagvexti 2014. Mestur vöxtur er sagður hjá þróunarríkjum næstu tvö ár að mati AGS. Mestum vexti er spáð í Kína, 8,0 prósentum á þessu ári og 8,2 á því næsta. Hér gerir Hagstofan ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9 prósent á þessu ári og 2,7 prósent 2014. - óka

Liv og Ragna í stjórn CCP

Þrjú af fimm stjórnarmönnum CCP gengu úr stjórn fyrirtækisins á aðalfundi þess í lok síðustu viku. Þeir sem hættu voru Vilhjálmur Þorsteins-son, sem var stjórnarformaður, Sigurður Ólafsson og David Falkow. Í stað þeirra tóku sæti í stjórninni Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðgjafi, og Adam Alexander Valkin, framkvæmdastjóri hjá bandaríska fjárfestingarfélaginu General Catalyst Partners. Þeir Birgir Már Ragnarsson, meðeigandi hjá Novator Partners í London, og Stephen Wieck, forstjóri OneBookShelf halda áfram í stjórninni. - mþl

Löggur á Lamborghini í Dubai

Það er svo sannarlega ekki niðurskurður á fram- lögum ríkisins til löggæslumála í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Lögreglan í Dubai fékk nefnilega á dögnum í hendurnar nokkra Lamborghini-sportbíla sem breytt hefur verið í lögreglubíla og sinna þeir nú löggæslustörfum í borginni. Um er að ræða Lamborghini Aventador- bíla sem hafa 700 hestafla og tólf strokka vél og geta náð 350 kílómetra hraða á klukkustund við kjöraðstæður. Listaverð slíkra bíla er rétt tæplega 65 milljónir króna. Reyndar er þetta ekki í fyrsta sinn sem Lamborghini-bílar eru notaðir við löggæslustörf því dæmi eru um að lögregla hafi notað slíka bíla bæði á Ítalíu og í Englandi. - mþl

„Við klárudum **THOR**,
fyrstu íslensku
3D teiknimyndina í fullri lengd,
með **Dell** tölvubúnaði.“

Arnar Gunnarsson,
CEO hjá Caoz

Nánari upplýsingar á www.advania.is/tolvubunadur




Fróðleiksmolinn



Þróun íbúðaverðs, launa og verðlags

Þróun íbúðaverðs frá 2002


Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur frá árinu 2002 hækkað töluvert umfram laun og almennt verðlag. Gögn frá Þjóðskrá Íslands sýna að íbúðaverð hækkaði um 127% frá janúar 2002 til febrúar 2013. Á sama tíma hækkuðu laun almennt um 100% en verðlag um 85%. Þar sem almenn laun hækkuðu meira en verðlag jókst kaupmáttur nafnlauna á tímabilinu. Eins og sést á myndinni þá hækkar íbúðaverð töluvert umfram laun frá 2004 – 2010 þegar fasteignavelta og viðskipti voru sem mest. Frá 2010 til 2013 hafa laun og verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu þróast í takt.



Heimild: Hagstofa Íslands | Skoða nánar: <http://data.is/14se22o>

Þróun íbúðaverðs frá 2007

Sé tímabilið fyrir og eftir hrun skoðað, þ.e. frá 2007 til 2013, þá lítur þróunin öðruvísi út. Verðlag hefur hækkað um 53%, laun um 44% og íbúðaverð um 15%. Kaupmáttur nafnlauna dróst saman tímabilinu vegna þess að nafnlaun lækkuðu og verðbólga fór á skrið í kjölfar hrunsins.



Heimild: Hagstofa Íslands | Skoða nánar: <http://data.is/14sd260>

Dagatal viðskiptalífsins keldan dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 17. apríl

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Samræmd vísitala neysluverðs í mars

Fimmtudagur 18. apríl

- Verðmæti sjávaraflla janúar 2013

Föstudagur 19. apríl

- Útboð ríkisbréfa
- Aðalfundur HB Granda

Mánudagur 22. apríl

- Vísitala byggingakostnaðar maí 2013

Þriðjudagur 23. apríl

- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í mars
- Vísitala kaupmáttar launa í mars
- Greiðsluþjófnaðarvísitala í maí
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í mars
- Mánaðarleg launavísitala í mars

Miðvikudagur 24. apríl

- Hverjir eiga viðskipti?
- Vinnumarkaðsrannsókn í mars
- Uppgjör Össurar fyrir fyrsta ársfjórðung birt

Mánudagur 29. apríl

- Vísitala neysluverðs í apríl
- Nýskráningar og gjaldprot félaga í mars

Þriðjudagur 30. apríl

- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi
- Vöruskipti við útlönd á fyrsta ársfjórðungi
- Vísitala framleiðsluverðs í mars
- Seðlabankinn gefur út Hagvísu
- Seðlabankinn gefur út Fjármálastöðugleika

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Ráðherra endurskipar aðstoðarseðlabankastjóra:

Skipaður í fimm ár

Arnór Sig- hvatsson hefur verið skipaður á ný í starf aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar Arnór með bréfi dagsettu 12. apríl síðast-



ARNÓR SIGHVATSSON

liðinn. Skipunin gildir til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

Fram kemur í tilkynningu Seðlabankans að Arnór hafi fyrst verið settur í starf aðstoðarseðlabankastjóra 27. febrúar 2009. Þá er ráðherra aðeins sagt heimilt að skipa sama mann aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum.

- ók

Hluturinn er rúmlega 354 milljarða króna virði:

Daimler selur restina af hlut sínum í EADS

Þýski bílaframleiðandinn Daimler selur nú 7,5 prósent hlutinn sem hann átti eftir í evrópska flugframleiðandanum og hergagnafyrirtækinu EADS.

Fréttavefur breska ríkisútvarpsins BBC greinir frá því að Daimler, sem á Mercedes-Benz, ætli að nota fjármunina sem fást úr sölunni til að styrkja bílaframleiðslu sína.

Hluturinn í EADS er verðlagður á um 2,3 milljarða evra, eða ríflega 354 milljarða íslenskra króna, miðað við gengi hlutabréfa fyrirtækisins við lokun markaða í gær.

EADS er móðurfélag flugvélaframleiðandans Airbus. Félagið hefur lýst því yfir að það hyggist sjálft kaupa um 600 milljóna evra



AIRBUS-ÞOTA Íslenska flugfélagið Wow air notar þotur frá Airbus og hefur nýverið tekið á móti tveimur nýjum slíkum þotum og á von á tveimur til viðbótar fyrir sumarið. Móðurfélag Airbus er EADS.

virði af hlutabréfunum, en sú upphæð jafngildir um 92,4 milljörðum króna. Daimler seldi annan 7,5 prósent hlut í EADS í fyrra.

- ók

Hlutfjárútbóð TM fer fram í næstu viku

Viðskipti hefjast með tvö tryggingafélög í Kauphöllinni á næstu vikum. Hlutfjárútbóði VÍS lauk í gær en hlutfjárútbóð TM fer fram í næstu viku. Mikill viðsnúningur orðið á rekstri TM síðustu ár.

HLUTABRÉFAMARKAÐUR Magnús Þorlákur Lúðvíksson magnusl@frettabladid.is

Tvö af þremur stærstu tryggingafyrirtækjum landsins, TM og VÍS, eru eins og kunnugt er á leið á hlutabréfamarkað. Almennu útbóði á bréfum VÍS lauk í gær en bréf í TM verða boðin út í næstu viku, 22. til 24. apríl. Félagin verða fyrstu tryggingafélögin á innlenda hlutabréfamarkaðnum frá hruni.

Í útbóði TM stendur til að selja tæplega þriðjungshlut Stoða hf., sem áður hétu FL Group, í félaginu. TM var áður alfarið í eigu Stoða eftir hrun en félagið seldi í júlí í fyrra um 60% hlut í TM til lífeyrissjóða og annarra stofnana. Þá seldu Stoðir um 5% hlut til viðbótar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í desember.

Í útbóðinu verða allir hlutir seldir á sama verði sem verður á bilinu 17,75 til 20,10 krónur á hlut eftir áhuga fjárfesta. Lægri mörk verðbilsins eru sama verð og LSR greiddi fyrir 5% hlutinn fyrir stuttu en 60% hluturinn sem seldur var í júlí var seldur á verðinu 14,70 krónur á hlut.

Miðað við verðbilið í útbóðinu er heildarvirði alls hlutfjár í TM á bilinu 13,5 til 15,3 milljarðar króna. Til samanburðar var hagnaður félagsins ríflega 2,6 milljarðar króna í fyrra en félagið hefur markað sér þá



TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN TM er hið minnsta af stóru þremur tryggingafélögunum en var með bestu arðseminu af þeim árið 2012.

Hlutfjárútbóði VÍS lauk í gær

Almennu hlutfjárútbóði á að minnsta kosti 60% hlut í VÍS lauk í gær. Félagið var fyrir útbóðið alfarið í eigu Klakka ehf. sem áður gekk undir nafninu Exista. Verðbilið í VÍS-útbóðinu var 6,75 til 7,95 krónur á hlut, sem samsvarar því að heildarvirði hlutfjár í félaginu sé 16,9 til 19,9 milljarðar króna. Þátttaka og lokaverð í útbóðinu lá ekki fyrir þegar Markaðurinn fór í prentun í gær. Stefnt er að því að fyrsti dagur viðskipta með bréf í VÍS í Kauphöllinni verði 24. apríl.

stefnu að greiða 50% hagnaðar hið minnsta út í arð á ári hverju.

Rekstur TM hefur verið tekinn í gegn á síðustu árum en tekjur félagsins koma annars vegar frá váttryggingum og hins vegar frá fjárfestingum. Fyrir hrun var hlutfall tjónakostnaðar á móti iðgjöldum yfirleitt yfir 100% sem þýddi það að váttryggingahluti starfsmanna skilaði tapi. Miklar fjárfestingatekjur gerðu það hins vegar að verkum að félagið hagnaðist.

Eftir hrun hefur TM lagt áherslu á að bæta grunnreksturinn og hefur hlutfall tjóna-

kostnaðar á móti iðgjöldum verið lækkað úr 127,2% árið 2008 í 88,5% í fyrra, sem þykir til fyrirmyndar.

Til marks um þennan viðsnúning hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's matseinkunn TM úr ruslflokki í fjárfestingaflokk fyrr á þessu ári, sem gerir félaginu kleift að sækja fram erlendis þaðan sem 6% tekna þess koma.

Eins og áður sagði fer útbóð TM fram í næstu viku en hlutabréf félagsins verða tekin til viðskipta í Kauphöllinni í fyrsta lagi 8. maí.

Skuldir ríkisins sagðar eiga að lækka fyrir áhrif hagvaxtar og verðbólgu:

Kjörin breytast þegar höft hverfa

Fyrirséð er að vaxtakostnaður ríkisins aukist þegar og ef gjaldþrenging höftum verður aflétt í komandi framtíð. Því er að mati greiningardeildar Arion banka miður að ekki standi til hjá ríkinu að greiða niður útstandandi skuldir svo neinu nemi. Þetta kemur fram í umfjöllun greiningardeildarinnar í gær.

Vísad er til þess að skuldsetning ríkisins hafi aukist verulega í kjölfar hrunsins, farið úr 311 milljörðum króna í árslok 2007 í 1.500 milljarða, eða úr 24 prósentum af landsframleiðslu í 87 prósent.

Bent er á að rannsóknir bendi almennt til þess að skuldsetning ríkis yfir 90 prósentum af landsframleiðslu sé til þess fallin að draga úr hagvexti, meðal annars vegna þess að svo há skuldsetning kalli á niðurskurð eða aukna skattheimtu til að standa straum af þungri greiðslubyrðinni.

Hér hafi ríkissjóði tekist að fjármagna hallarekstur sinn á hagstæðum kjörum innanlands í skjóli hafta, en slík kjör verði ekki í boði þegar þeim verður lyft.


Bent er á að í stefnu ríkisins í

87% Skuldir ríkis- sjóðs nema 87 prósentum af landsframleiðslu og 110 prósentum af teknar eru með í reikninginn lífeyrisskuldbindingar.

lánamálum fyrir árin 2013 til 2016 sé stefnt að því að lækka hlutfall skulda ríkissjóðs úr 87 prósentum í 70 prósent í árslok 2016. „Hins vegar ef við rýnum í hvað liggur á bak við þær tölur er ljóst að skuldirnar lækka nánast eingöngu í gegnum hagvöxt og verðbólgu,“ segir í umfjöllun Arion banka.

- ók

ÞÍN STUND ÞINN STAÐUR



TIMEOUT STÓLLINN

Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: **Jahn Aamodt**

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR
**10%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR**
Timeout



LEVANTO hægindastóll með skemli

Verð kr. 97.980

Til í rauðu og gráu áklæði.

Einnig til í leðri, svart, hvítt og rautt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 8.450 kr. á mán.



TIMEOUT hægindastóll með skemli

VERÐ NÚ 341.982

Fullt verð 379.980

Til í mörgum litum og útfærslum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 29.495 kr. á mán.



Opus hægindastóll með skemli

Verð kr. 169.980

Til í orange og gráu áklæði.

Einnig til í leðri, svart og hvítt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 14.660 kr. á mán.

TEMPUR CLOUD heilsurúm



TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



TEMPUR CLOUD

Verðdæmi 160x200 cm

Rúm, dýna og lappir

Verð frá kr. 299.000

Aukahlutur á mynd gaffl.

Fæst einnig í stærðunum

80x200 cm
90x200 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x203 cm
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 26.129 kr. á mán.

C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud



TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



Charlotte S Julien
Dream your world™

C&J STILLANLEGT

með Tempur Cloud dýnu

Verðdæmi 2x90x200 cm

Verð kr. 699.000

Aukahlutur á mynd gaffl.

Með fjarstýringu

Fæst einnig í stærðunum

2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 60.629 kr. á mán.

C&J PLATINIUM heilsurúm



Charlotte S Julien
Dream your world™

C&J PLATINIUM

Verðdæmi 180x200 cm

Rúm, dýna og lappir

Verð frá kr. 147.500

Aukahlutur á mynd gaffl.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 13.062 kr. á mán.

Fæst einnig í stærðunum

100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Nýtt ævintýri viðheldur snerpunni

Hörð og óheiðarleg samkeppni á farsímamarkaði kom á óvart þegar lagt var upp með Nova, segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Ýmislegt mótlæti sem takast þurfti á við varð Nova á endanum til framdráttar.

VIÐTAL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

„Því fylgir fjöldi áskorana að byggja fyrirtæki upp frá grunni. Margt vann með okkur, við vorum oft heppin, en um leið kom líka upp fjöldi vandamála sem við sáum ekki fyrir. Þannig er þetta bara,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Einn þröskuldurinn hafi verið að ráða starfsfólk í uppsveiflu ársins 2006.

„Atvinnuleysi var ekkert og við stóðum frammi fyrir því verkefni að laða fólk úr góðum störfum og út í óvissuna með okkur. Þá hringdum við í fólk og auglýstum og sögðumst vera að fara að búa til besta vinnustað í heimi. Þannig verður að vissum hluta til dýnamikinn og stemningin í fyrirtækinu,“ segir Liv. Sá andi hefur haldist og skilar sér greinilega til viðskiptavina en Nova hefur síðustu ár skorað hátt í vinsældarmælingum hjá fólki. „Ég er ekki viss um að tekist hefði jafnvel til ef við hefðum ekki þurft að hafa svona mikið fyrir þessu.“

Þá segir Liv ýmislegt hafa komið á óvart þegar verið var að taka fyrstu skrefin með Nova. „Við höldum til dæmis árið 2007 að símar á borð við Iphone væru bara væntanlegir í næsta mánuði. Við vorum löngu búin að sjá alls konar útgáfur af svona símum á sýningum erlendis, en svo bara skiluðu þeir sér ekki á markað af einhverjum ástæðum,“ segir hún. Þannig varð á fyrstu metrunum örlítið holar hljómur í slagorðinu „stærsti skemmtistaður í heimi“ sem þó hefur lifað með fyrirtækinu, því á endanum komst snjallsímaveislan af stað.

„En þarna var ein birtingarmynd fákeppninnar. Framleiðendur tóku höndum saman með fjarskiptafyrirtækjum um að stýra innleiðingu 3G-tækninnar. Símarirnir voru greinilega ekki að skila sér á markað þó svo að öll tækni væri til staðar. Það þurfti því sparkið frá Apple til að koma þessu af stað.“

Samkeppnisumhverfið á Íslandi segir Liv einnig hafa komið á óvart þarna í byrjun. „Okkur

óraði ekki fyrir hvernig samkeppnin myndi þróast.“ Hindranirnar sem Nova hafi staðið frammi fyrir endurspeglar í fjársektum sem Samkeppniseftirlitið hafi síðustu ár og misseri lagt á samkeppnisáðila.

„Þetta fyrsta ár var hrikalega erfitt og okkur fannst markaðurinn spilltur,“ segir hún. Mjög erfiðlega hafi gengið að fá keypta farsíma hjá innlendum umboðsaðilum. „Þannig að við neyddumst til að ferðast út um allan heim til að reyna að verða okkur úti um farsíma. Eftir að hafa byggt upp kerfið og þjónustuna óraði okkur ekki fyrir því að við gætum lent í vandkvæðum með að fá keypta síma á samkeppnishæfu verði. Fyrir okkur var þetta með stærri málum árin 2007 og 2008.“

Fjöldi áskorana sem fylgja því að byggja upp fyrirtæki frá grunni auk efnahagsástandsins á Íslandi í árslok 2008, segir Liv að hafi átt sinn þátt í að þjappa saman hópnum sem saman var kominn í Nova. „Við stóðum frammi fyrir því að vera búin að fara í þessa risafjórðingingu og höfðum bara nokkra mánuði til að ná í viðskiptavinum og láta þetta ganga upp. Við vorum að spila upp á líf eða dauða. Við lögðum okkur öll fram um að láta þetta ganga og ég held að hver einasti starfsmaður fyrirtækisins hafi orðið ofursölumaður.“

Um leið gagnrýnir Liv hversu langan tíma taki hjá samkeppnisyfirvöldum hér að rannsaka og ljúka málum. „Hægt er að ganga af fyrirtækjum dauðum með samkeppnisbrotum ef þau horfa fram á að fá ekki niðurstöður fyrr en að þremur til fjórum árum liðnum.“

Núna telur Liv þennan slag að baki að mestu. „Flest þessara mála, hvað okkur varðar, eru frá upphafsárum Nova, 2007 og 2008.“ Sektarupphæðir upp á hundruð milljóna þessum árum síðar segir hún að hljóti að letja fyrirtæki til að leggja út í víðtæk samkeppnislagaþrot. „Við vonum að minnsta kosti að ákveðin viðhorfbreyting hafi átt sér stað.“

Núna standa fjarskiptafyrirtæki frammi fyrir kerfisbreytingum sem áhrif hafa á tekjustreymi




LIV BERGÞÓRSDÓTTIR Nýtt ævintýri stendur fyrir dyrum hjá Nova með innleiðingu á nýrri háhraðagagnaflutningsþjónustu fyrir farsíma. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir 4G svara kalli fólks eftir aukinni þjónustu.

Úr ársreikningi Nova fyrir árið 2012

Liður	Krónur
Tekjur alls	4.398.886.000
Gjöld alls	3.650.987.000
EBITDA	747.899.000
Hagnaður	503.212.000

STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU NOVA



þeirra með nýjum Evrópureglum um svokölluð lúkningsgjöld. Liv segir ávallt hafa verið vitað að þessara breytinga væri að vænta og ráð fyrir þeim gert í áætlunum fyrirtækisins. „Ef allir eru með sömu lúkningsverð þá vinnur sá sem er með minnstan tilkostnað. Í framtíðinni verða heldur engin lúkningsgjöld. Eins horfa síma-fyrirtæki fram á að það verði engin mínútuverð, upphafsgjöld eða gjaldtaka eins og hingað til hefur þekkt.“ Þannig eigi gjaldtaka fremur eftir að færast yfir í fastar upphæðir fyrir þá þjónustu sem viðskiptavinurinn kallar eftir. „Okkur er alveg sama hvort viðskiptavinurinn ætlar að hringja eða fara á netið, eða gera eitthvað annað.“

Hingað til hafa áætlanir Nova gengið eftir. Árið 2006 var gerð fimm ára viðskiptaáætlun um uppbyggingu 3G-farsímakerfis á landsvísi og lagt af stað með það. Undirbúningur var um það bil ár og svo var byrjað 1. desember 2007. Liv segir að strax í upphafi hafi verið ljóst að byggja yrði upp stóran hóp viðskiptavina. „En við sáum samt ekki fyrir að þeir yrðu komnir yfir hundrað þúsund eftir fimm ár,“ bætir hún við.

Markaðsplanið hjá Nova segir Liv svo að hafi fæðst smám saman í takt við kannanir sem gerðar voru á væntingum fólks til fjarskiptabjónustu. „Yngri

hópurinn var spenntastur fyrir því að fá netið í símann. Yngri hópurinn er móttækilegri fyrir nýjungum og svo fylgja hinir á eftir.“

Núna eru enn breytingar í farvatninu og Nova í fararbroddi að innleiða 4G-farsímabjónustu. „Á einhverjum tímamarki fara símtölin bara yfir netið, því 4G er netkerfi, en viðskiptavinurinn er ekkert að spá í hvaða leið símtalið fer, hvort það er um GSM-, 3G- eða 4G-kerfi.“

4G er háhraða netkerfi fyrir farsíma sem stóreykur alla þjónustumöguleika. „Fólk vill geta tekið sjónvarpið og allt með sér upp í bústað, ekki bara símann. 3G kerfin ráða hins vegar ekki við allt sem fólk vill geta gert, en það munu 4G kerfin gera.“

Liv segir kraft í Nova og hópinn tilbúinn að taka næsta slag. „Það vinnur auðvitað með okkur að vera minni. Við erum í dag 110 starfsmenn og það auðveldar að halda uppi stemningu og eykur samheldni. Svo erum við núna fimm ára og nýr kafli að hefjast hjá okkur með því að vera að fara af stað með 4G. Þetta er svolítið eins og nýtt ævintýri með nýrri áætlun fyrir næstu ár. Við höldum í nýjabrumið og frumkvöðla-kúltúrinn í fyrirtækinu. Þetta er svolítið eins og að vera í dótubúð, hér er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast.“

LEIÐIN LÁ ÚR SMÁRÉTTUM YFIR Í SNJALLSÍMAÞJÓNUSTU NÚTÍMANS

EINSTÖK SAMHELDNI „Nei, það er ofsagt að ég hafi fundið upp á 1944 réttunum,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, þegar upp á hana er borið að eftir hana liggi ekkert nema góðar hugmyndir og sigrar þar sem hún hefur stigið niður fæti á starfsferlinum. Árangur hennar hjá Nova hefur vakið bæði aðdáun og eftirtekt. Bæði kemur þar til vöxtur fyrirtækisins og velgengni í hörðum slagnum á íslenskum fjarskiptamarkaði og einstakur andi og samheldni sem einkennir Nova sem vinnustað. Nova fékk fyrr á árinu hæstu einkunn allra fyrirtækja í íslensku ánægjuvuginni og sjálf var Liv fyrir áramót valin markaðsmaður ársins 2012 þegar Íslensku markaðsverðlaunin voru veitt. Raunar hefur Nova fengið verðlaun á þessum vígstöðvum báðum allar götur frá 2009.

LÆRDI AF ERLENDU SAMSTARFI

Engu er hins vegar logið um að ferillinn hafi Liv hafið hjá Sláturfélagi Suðurlands, sem var valið markaðs-fyrirtæki ársins þegar hún var þar á markaðsdeildinni að taka fyrstu skrefin á vinnumarkaði að námi loknu.

„Ég útskrifaðist úr viðskiptafræði og fór svo í ár til London í starfsþjálfun hjá Citibank. Þegar ég kom heim, eins og var á þessum tíma 1994 til 1995, þá voru bankarnir að byrja að breytast og margir nýtskrifaðir fóru í þá, Eimskip og ákveðin fyrirtæki sem voru vinsælust á þeim tíma. Mér bauðst hins vegar starf í markaðsdeild SS og stökk eiginlega bara á þetta fyrsta starf eftir skóla.“ Síðar segist Liv hafa gert sér betur grein fyrir því hvað veran hjá SS hafi verið mikilvægur skóli, SS sé til dæmis umsvifamið á sviði innflutnings og lærdómsríkt hafi verið að starfa með erlendum vörumerkjum á borð við Barilla, Mars og Snickers.

„Þarna lærðust manni hlutir sem síðan mátti taka með sér yfir í síma-geirann,“ bætir Liv við, en hún tók við starfi markaðsstjóra hjá Tali árið 1998.



„Farsíminn var tiltölulega nýtilkominn, en strax ótrúlega margt sem hægt var að taka með sér úr smásölufræðunum yfir í þennan mjög svo tæknidrifna markað. Til dæmis létum við óskylda hluti, eins og tjald eða bíókort, fylgja farsímanum, en það höfðum við prófað áður hjá SS, þar sem við létum til dæmis vídeóspólar fylgja pylsupökkum. Og það var gaman að taka þátt í þessu á þessum tíma, taka dæmið skrefinu lengra í stað þess að selja bara farsíma út á það hvað mínútan kostaði.“

Eins segir Liv hafa verið mikilvæga reynslu þegar Íslandssími og Tali sameinuðust. „Í Tali höfðum við byggt upp sterka liðsheild og fyrirtækið gekk vel. Svo var þetta allt búið á einni nóttu.“ Fallið var frá því að nota vörumerki Tals og tekið í framhaldinu upp nafnið Vodafone. „Þá sá maður að vörumerki koma og fara,“ segir hún, en breytingin var fólkinu hjá Tali nokkuð áfall. „En svo áttuðum við okkur á því að vörumerkið er ekki allt. Við vorum Tali og erum ótrúlega góður vinnuhópur enn í dag.“

Á EFTIR FARSÍMAVÆÐINGU KOM SNJALLSÍMAVÆÐING

Liv segir að eftir að hún sneri aftur til starfa úr fæðingarorlofi árið 2006 hafi

fyrirtækið eðlilega tekið nokkrum breytingum og hún fundið að hún ætti ekki heima í þeim hópi. „Mig langaði til að gera eitthvað allt annað.“

Þarna urðu því enn kaflaskipti hjá Liv sem ætlaði að segja skilið við fjarskiptageirann. Þá hafði samband Jóakim Reynisson sem starfað hafði með henni hjá Tali. Þar sá hann um tæknimál og Liv um markaðsmál. Núna var Jóakim að aðstoða Novator við að kanna möguleika á innkomu á íslenskan farsímamarkað, en Novator hafði reynslu af slíkum rekstri, meðal annars frá Búlgaríu. „Á þessum tíma voru tvö fyrirtæki ráðandi, Síminn og Vodafone. Fákeppni var algjör, verð hækkaði og lítið lagt upp úr þjónustu eða nýjungum á borð við 3G. Ég fór þess vegna með Jóakim í að greina tækifærin hér og eftir þá skoðun vorum við sannfærð um að pláss væri fyrir þriðja aðilann, í raun til þess að gera svipaða hluti og við Jóakim gerðum með Tali 1998. Þá var fólk að fá fyrsta farsímann, en núna var fólk að fá netið í símann.“ Þannig hafi verið búið að farsímavæða þjóðina. Núna hafi verið komið að því að snjallsímavæða hana.

Staðan á farsímamarkaði í fyrrasumar

Fyrirtæki	Fjöldi áskrifta	Markaðshlutdeild
Síminn	132.458	38,3%
Vodafone	99.202	28,7%
Nova	95.411	27,6%
Tal	16.737	4,8%
Aðrir	1.594	0,5%
Alls	345.402	100%

Héimild: Tölfræðiskýrsla PFS um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi 2012.

VIÐ FRUMSÝNUM NÝJAN FORD

TRANSIT CUSTOM

BACKBONE OF BUSINESS

Sendibíll ársins 2013

Ford Transit Custom

Komdu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

FORD TRANSIT CUSTOM

VERÐ ÁN VSK FRÁ **3.577.689 KR.**

VERÐ MEÐ VSK FRÁ **4.490.000 KR.**



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gjra. Eldsneytisnotkun í blöndudum akstri 6,7 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 178 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Engir tvíhliða samningar í deigluinni nú

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína er þriðji tvíhliða samningur Íslands. Aðrir eru í gegnum EFTA og EES. Engir tvíhliða samningar eru nú í undirbúningi.

VIÐSKIPTI

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Nýgerðir fríverslunarsamningar Íslands og Kína varpa ljósi á það hve miklir hagsmunir felast í gerð slíkra samninga, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Samningar snúast um það, í meginatriðum, að fá tolla á íslenskar útflutningsafurðir lækkaða eða fellda niður, til að lækka verð og auka samkeppnishæfi íslenskrar framleiðslu erlendis og lækka tolla á innfluttum vörum, sem leiða á til verðlækkunar til neytenda. Til dæmis kveður samningurinn við Kína á um að fimmtán prósentatollur á vefnaðarvöru og skóm falli niður. Því ætti verð á fatnaði frá Kína að lækka sem því nemur.

STÓR STÖKK OG HÆG PRÓUN


Fyrstu samningar um verslun eftir að seinni heimsstyrjöldin brast á snerust að miklu leyti um að tryggja íslenskum útflutningsvörum, aðallega fiski og öðrum sjávarafurðum, hagstæð skilyrði á mörkuðum í Bretlandi og Banda-

ríkjunum. Eftir að stefna var tekin frá ríkisafskiptum í átt til markaðshagkerfis urðu sinnaskipti í þessum efnum og kom meðal annars til tals af fullri alvöru á fyrstu árum sjöunda áratugarins hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, forvera ESB. Ekki varð af því, en árið 1970 gekk Ísland í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og gerði tvíhliða samning við ESB tveimur árum síðar.

Árið 1994 fékk Ísland aðgang að innri markaði ESB í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess er Ísland aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), en innan hennar eru fjölmargir samningar, sem lúta meðal annars að viðskiptum með þjónustu og landbúnaðarvörur. Nú eru flestir fríverslunarsamningar Íslands í gegnum EES eða EFTA, en auk þess er Ísland með þrjá tvíhliða samninga, við Færeyjar, Grænland og nú síðast við Kína.

ENGINN TOLLUR AF 70% VARA

Þó að mikil áhersla sé lögð á að afla íslenskum vörum markaða erlendis í gegnum samninga



- **Samningur milli Íslands og viðkomandi ríkis:** Færeyjar, Grænland, Kína*.
- **Samningur milli EFTA og viðkomandi ríkis:** Albanía, Síle, Egyptaland, Hong Kong, Kína, Ísrael, Jórdanía, Kanada, Kólumbía*, Króatía, Makedónía, Marokkó, Mexíkó, Perú, Sjálfstjórnarsvæði Palestínu, Singapúr, Serbía, Tyrkland, Úkraína, Svartfjallaland, Túnis, Suður-Kórea, Líbanon
- **EES:** Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.
- **Stofnsamningur EFTA:** Sviss.
- **Samningur milli EFTA og Flóaráðsins*:** Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Sádi-Arabía, Óman, Katar, Kúveit.
- **Samningur milli EFTA og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja:** Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka, Svasíland.
- **Viðkomandi þjóð á í samningaviðræðum við EFTA:** Alsír, Bosnía og Hersegóvína, Kosta Ríka, Gvatemala, Hondúras, Panama, Indland, Indónesía, Tailand, Rússland, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Víetnam.

EFTA og WTO hefur vörður í öllum samningum verið staðinn um tolla á ýmsum íslenskum landbúnaðarvörum í verndarsjónarmiði. Í samningnum við Kína eru meðal annars tilteknar mjólkurvörur og kjötafurðir.

Það er þó í raun ekki hægt að tala um að verndartollar séu reglan í hinu stóra samhengi, þar sem enginn tollur er á 70% af rúmlega 8.500 tollalínum í íslenskri tollaskrá.

KÍNA VILDI EKKI EFTA

Fram hefur komið að þetta er

fyrsti tvíhliða samningurinn sem Kína gerir við Evrópuríki, en hann hefur verið í deigluinni frá 2005. Þá vildu Kínverjar ekki ganga til samninga við EFTA sem heild. Viðræður Kína og Sviss ganga vel, en viðræður við Noreg hafa verið í frosti vegna milliríkjadeilu.

ENGIR TVÍHLIÐA SAMNINGAR Í BÍGERÐ

Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra í utanríkisráðuneytinu og sérfræðingur í alþjóðaviðskiptasamningum, segir Ísland

ekki eiga í tvíhliða viðræðum við önnur ríki um fríverslun. „Ísland, með hinum EFTA-ríkjunum, er hins vegar í viðræðum við Indland, Indónesíu, Víetnam, sameiginlegt tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan. Þá er búist við því að viðræður við Malasíu hefjist síðar á þessu ári. Viðræðum við Bosníu-Hersegóvínu er nýlukið og verður sá samningur líklegast undirritaður á þessu ári. Það sama er að segja um samning við Panama og Kosta Ríka.“

Nýr fjármálastjóri yngir framkvæmdastjórn Össurar

Sveinn Sölvason tekur um mánaðamótin við starfi fjármálastjóra Össurar af Hjörleifi Pálssyni. Markaðurinn ræddi við Svein um nýja starfið og badmintonferil hans.

SVIPMYND

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Breytingar verða gerðar á yfirstjórn Össurar um næstu mánaðamót þegar Hjörleifur Pálsson yfirgefur félagið eftir tólf ára starf sem fjármálastjóri. Við starfi hans tekur hinn 34 ára gamli Sveinn Sölvason, sem hefur starfað á fjármálasviði félagsins frá 2009. Markaðurinn ræddi við Svein í tilefni af nýja starfinu.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Össur er frábært fyrirtæki og hér vinnur mikið af góðu fólki. Hjörleifur er búinn að byggja upp mjög öflugan starfsemi í fjármáladeildinni þar sem enginn einn dregur vagninn svo ég tek við mjög góðu búi,“ segir Sveinn, sem starfaði áður í viðskiptaþróun hjá Marel og í fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi, auk þess að vinna um tíma fyrir HSH-Nordbank og Goldman Sachs. Sveinn er með meistaraþráðu í fjármálum og endurskoðun frá Copenhagen Business School.

„Ég er búinn að vera viðriðinn Össur í mörg ár. Ég byrjaði hjá Kaupþingi árið 2005 og fór fljótlega að vinna fyrir Össur þar í tengslum við kaupin á Royce Medical 2005 og Gibaud í Frakkland árið 2006. Ég vann þar að auki að fjármögnun félagsins og að hlutfjártaukningu árið 2009,“ segir Sveinn og heldur áfram: „Í gegnum þessi störf byggði ég upp ágætt samband við stjórnendateymið hjá Össuri og réð mig síðan til fyrirtækisins í lok árs 2009. Hér hef ég rekið deild á fjármálasviði sem sér um fjárstýringu og fjárfestatengsl og skoðar fyrirtækjakaup. Ég tek formlega við starfi fjármálastjóra um mánaðamótin.“



SVEINN SÖLVASON Sveinn var upp úr aldamótum í hópi bestu badmintonspilara Íslands og vann alls fimm Íslandsmeistararitla í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Upp úr aldamótum var Sveinn í hópi bestu badmintonspilara landsins. Varð hann Íslandsmeistari í einliðaleik karla árið 2003 og vann þar að auki tvo Íslandsmeistararitla í tvíliðaleik karla og tvo til viðbótar í tvenndarleik.

Sveinn segir að bakgrunnur úr íþróttum geti komið að gagni í viðskiptalífnum. „Það að alast upp í þessu umhverfi kennir manni nauðsyn þess að vera agaður, sem nýttist á flestum sviðum. Þá nálgast maður hlutina oft með smá keppnisskapi sem getur verið jákvætt.“

Sveinn er giftur Birtu Björnsdóttir og á með henni tvö börn; Óttar Sveinsson og Herdísi Önnu Sveinsdóttur.



HJÖRLEIFUR PÁLSSON


fráfarandi fjármálastjóri Össurar „Sveinn er duglegur, jákvæður, bjartsýnn og félagslega fær. Það er það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa um hann. Ég er ekki hræddur við að skilja starfið eftir í hans höndum enda er hann ágætlega reyndur og á góðum aldri.“



ÁSTHILDUR MARGRÉT OTHARSDÓTTIR

ráðgjafi og stjórnarmaður í Marel

„Ég kynntist Sveini fyrir um átta árum og var ekki lengi að átta mig á að þessum yrði spennandi að fylgjast með – hann ætti klárlega eftir að ná langt. Eldklár, yfirvegaður, jákvæður og skemmtilegur eru lýsingarorð sem mér detta strax í hug en umfram allt er hann drengur góður og laus við allan uppskafningshátt. Sveinn var mikill Össurarmaður löngu áður en hann byrjaði að vinna þar, hafði kynnt félaginu í gegnum nokkur verkefni og fengið á því óbilandi áhuga. Ég samgledst honum innilega með nýja starfið.“



MATTHÍAS H. JOHANNESSEN, framkvæmdastjóri hjá Actavis

„Það er öllum ljóst sem kynnast Sveini að hann hefur hrifandi persónuleika, ákveðna birtu (hvort sem það orð er skrifað með litlum eða stórum staf) í kringum sig og hniðskarpan huga. Það má segja að hann hafi náð langt frá því hann var að semja um uppstoppaðan ref á hlaupum út í leigubíl í Kína en þar var samningateknin þó sterk og refurinn hefur eflaust nýst vel. Það er mikill fengur fyrir Össur að fá Svein í forystuhlutverk enda auðvelt fyrir fólk að fylgja slíkum gæðadreg.“

Uppboði Global Dairy lokið: Hámarki náð á heimsmarkaði

Heimsmarkaðsverð á mjólkurafurðum virðist vera að ná hámarki, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabanda.

Vitnað er til niðurstaðna uppboðs Global Dairy Trade sem fram fór í gær. „Afurðaverðið hækkaði að jafnaði um 0,6 prósent. Það er mikil breyting frá þremur síðustu uppboðum, þegar verðið hækkaði um 10 til 15 prósent í hvert skipti,“ segir í umfjölluninni. 3,2 prósent lækking er sögð hafa orðið á undanrennuðufti en verð á smjöri hafa hækkað um 6,8 prósent. - óká



Gull hefur lækkað skarpt: Tíu ára gullæði við það að ljúka

Verð á gulli hækkaði lítillega í gær eftir mikið fall síðustu daga og vikur. Skörp lækking á mánuðag er sú mesta síðan 1980, að því er fram kemur í umfjöllun IFS-greiningar.

„Aðilar á markaði hafa nú áhyggjur af því að tíu ára löngu gullæðistímabili sé nú lokið,“ segir í umfjöllun IFS. Lækkunin á mánuðag nam yfir hundrað dölum, eða tæpum níu prósentum. Í viðskiptum fyrri partinn í gær hækkaði verðið svo aftur um 35 dali á únsuna. - óká

„EFTIRMINNILEGASTA
BLAKKÁT SEM ÉG
HEF UPPLIFÆÐ“

DJÖFLÆYJAN



„Hló af mér allan
dýrmæta nýja
maskarann
á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR
ritstýra á Séð og heyrð



★★★★
„ÁHORFENDUR
FÖGNUMU OG
VAR ÆRIN
ÁSTÆÐA TIL“

FRÉTTABLAÐIÐ



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR · HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON · MAGNÚS GUÐMUNDSSON

„Hvað er þetta með míní bari á hótélum?
Ég er alki... ekki barbíðúkka!“

Síðustu sýningar
á leikárinu

Tryggið ykkur miða !

Föstudagur 19 apríl kl 20:00 - örfá sæti laus
Miðvikudagur 24. apr. kl 20:00 - aukasýning

midi.is

Finndu okkur á facebook - Blakkát



Hin hliðin

INGIBJÖRG GRÉTA
GÍSLADÓTTIR



Smart að vera umhverfisvæn

Öll fyrirtæki skilja eftir sig rusl af einhverjum toga, hvort sem um er að ræða áþreifanlegt í tunnu eða óáþreifanlegt út í andrúmsloftið, nema hvort tveggja sé. Það sem skilur á milli góðs reksturs og hins sem er miður vel rekinn, er hvernig unnið er með þennan úrgang. Er hann endurnýttur, er hann markvisst minnkaður eða er skipt yfir í umhverfisvænni aðferðir, vörur og þjónustu?

Grænn apríl

Aprílmánuður er tileinkaður grænum og umhverfisvænum aðgerðum sem ganga út á að vekja fyrirtæki og einstaklinga til umhugsunar um hvernig við getum minnkað sóun og skilað umhverfinu í jafngóðu eða betra ástandi en það var í þegar við tókum við því. Það þarf nefnilega oft svo lítið til. Mörg fyrirtæki eru til dæmis farin að loka prenturum sínum svo starfsmenn þurfa að fara að prentaranum og slá inn lykilorð til að prenta út gögn. Önnur eru búin að taka ruslafötur frá borðum starfsmanna sinna og setja í staðinn upp aðgreindar tunnur fyrir mismunandi úrgang til endurvinnslu á einn stað. Enn önnur eru farin að mæla allan rekstur hjá sér til að geta losað sig við þau tæki sem nota mest rafmagn og fá önnur hagkvæmari í staðinn.

Gott fyrir budduna

Eitt hótél hér í borg fór til að mynda markvisst í að ná niður orkureikningnum með því að finna út hagkvæmstu hitastillinguna á herbergjunum hjá sér bæði þegar þau voru í notkun og ekki. Mörg fyrirtæki hafa farið í að einfalda pöntunarkerfi þannig að bæði tími og peningar sparast, sem virkilega skiptir máli þegar það safnast saman á ársgrundvelli. Með því að skipta út bensínháku fyrir metan-, rafmagns- eða aðra umhverfisvænni bíla spara fyrirtæki milljónir í rekstri á ársgrundvelli og slíkur sparnaður í rekstri skilar betri afkomu. Það er nefnilega ekki fyrr en það kemur að afkomu fyrirtækjanna að umhverfisvæn hugsun í rekstri fer að vera álitlegur kostur.

Snýst um hagkvæmni

Að minnka rusl og annan úrgang snýst um hagkvæmni. Minni úrgangur þýðir hagkvæmari neysla og endurnýting sem og endurvinnsla óhjákvæmilegs úrgangs. Á vefsíðunni Waste Online í Bretlandi er vakin athygli á því að ef öll bresk fyrirtæki myndu spara eitt hefti á dag yrði málmhaugurinn 72 tonnum minni á ári. Þar segir einnig að hver Breti hendi sem nemur sjö sinnum þyngd sinni ár hvert eða um 500 kg. Hverjar þessar tölur eru á Íslandi skal ósagt látið. En ætla má að þær séu í svipuðu hlutfalli. Það er smart að vera umhverfisvænn því það er gott fyrir heilsuna, umhverfið og budduna.

Eru innlend hlutabréf áhugaverður kostur?

Fundur um hlutabréf verður haldinn á Reykjavík Natura Hotel, **fimmtudaginn 18. apríl kl. 17.15 – 19.00.** Farið verður yfir stöðuna á hlutabréfamarkaðnum og forstjóri TM kynnis fyrirtækið sem fjárfestingakost.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Innlend hlutabréf hafa hækkað töluvert á síðustu mánuðum. Skráðum félögum fjölgar og Landsbankinn finnur fyrir auknum áhuga viðskiptavina á hlutabréfum. En hvað felst í því að fjárfesta í hlutabréfum? Við tökum stöðuna á hlutabréfamarkaðnum á fjármálakvöldi á fimmtudegi.

Dagskrá:

- » Hlutabréf í sögulegu samhengi – Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans og formaður fjárfestingaráðs
- » Uppbygging íslenska hlutabréfamarkaðarins og kostir sjóða – Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri Landsbréfa
- » TM sem fjárfestingakostur – Sigurður Viðarsson, forstjóri TM

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans, stýrir fundinum.

Fundurinn er öllum opin, boðið verður upp á léttar veitingar.

Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-



SHARP
SJÓÐSVÉL
XE-A307

99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 89.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
E Ð A L V É L